

Netorka hf.

Uppgjörskerfi raforkumarkaðar

Frá síðustu áramótum hafa allir landsmenn átt kost á að velja sér af hvaða raforkusala þeir kaupa raforku.

Raforkusala er nú ekki lengur bundin því orkufyrirtæki sem dreifir raforkunni á viðkomandi svæði, heldur opin öllum þeim sem hafa tilskilin leyfi. Þessi breyting leggur grunn að samkeppni á raforkumarkaði, raforkunotendur hafa nú val.


Netorka hf. er hlutafélag í eigu raforkufyrirtækjanna og gegnir því hlutverki að vera sameiginlegt mæligagna- og uppgjörsfyrirtæki fyrir íslenskan raforkumarkað í markaðsvæddu umhverfi.

Þann 3. apríl tekur Netorka í notkun upplýsingakerfi sem annast mun uppgjör og vinnslu sölumælinga.

Kerfið mun gera upp orkunotkun milli seljenda og kaupenda og halda utan um allar breytingar á viðskiptum raforkuseljenda og kaupenda.

Uppsetning Netorku á miðlægum gagnagrunni og einföldu skeytakerfi er einstök og fyrsta sinnar tegundar í heiminum í raforkuiðnaðinum. Kerfið tryggir að samskipti og uppgjör á íslenska raforkumarkaðnum verða í senn einfaldari, sveigjanlegri og skilvirkari en gerist hjá öðrum þjóðum.

Netorka, í samvinnu við Ax hugbúnaðarhús hf., WM Data, TM Software, Ráðorku ehf. og starfsmenn allra orkufyrirtækjanna, hefur séð um uppsetningu og innleiðingu á upplýsingakerfunum.



netOrka

www.netorka.is